





Efnisyfirlit

Aðfararorð ríkisskattstjóra	3	Vefir	22
Framtal og framtalsfrestur	4	Rekstur tölvukerfa	24
Álagning opinberra gjalda	5	Húsnæðismál	26
Tekjuskattur í atvinnurekstri	8	Þróunarmál	27
Virðisaukaskattur	10	Skjalastjórnun	28
Staðgreiðsla	12	Tölfræði	29
Skatteftirlit	13	Útgáfumál	30
Fyrirtækjaskrá	14	Fyrirmyndarstofnun	31
Smærri gjöld og skattar	16	Starfshópar	32
Alþjóðamál	18	Mannauður	33
Upplýsingagjöf	20	rsk.is – besti ríkisvefurinn	36
Umsagnir	21	Ársreikningur	37



Aðfararorð ríkisskattstjóra

Á árinu 2013 lagði embætti ríkisskattstjóra áherslu á hagræðingu og að þróa stjórnsýslu þess í samræmi við fyrri áform um skilvirkni í þjónustu og eftirliti. Fjórdða árið frá sam-
einingu sjálfstæðra skattstjóra við ríkisskattstjóra var þannig áfram ár hagræðingar og
áframhaldandi endurskipulagningar skattframkvæmdar og annarra verkefna sem ríkis-
skattstjóra er falið að annast lögum samkvæmt.

Út á við var rafræn stjórnsýsla aukin enn frekar og nýir merkir áfangar náðust sem
undirstrikuðu að stefnan sem mörkuð hafði verið nokkrum árum áður hafði verið rétt.
Með aukinni rafrænni stjórnsýslu eykst hagræði þeirra sem eiga samskipti við embættið
en auk þess verður stjórnsýslan áreiðanlegri, einkum með samnýtingu rafrænna upp-
lýsinga. Rafræn skil framtala eru nú meiri en áður hefur þekkt. Nánast öll framtalsskil
lögaðila og 98% skattskila einstaklinga eru rafræn. Skil á staðgreiðslu, tryggingagjaldi
og virðisaukaskatti eru einnig að mestu rafræn. Þannig hefur RSK verið í fararbroddi í
rafrænni stjórnsýslu hér á landi. Til margra ára voru Íslendingar einnig mjög framarlega
í heiminum með rafvæðingu skattskila og lögðu með því móti sitt af mörkum í þróun
slíkrar tækni sem hefur hingað til þótt vera í fremstu röð. Blikur eru þó á lofti þar sem
auðkenning framteljenda hefur ekki verið nægjanlega trygg. Aukin notkun rafrænna
skilríkja mun skipta sköpum í því og á árinu 2013 hófst RSK handa við að ryðja notkun
rafrænna skilríkja nýja braut.

Ríkisskattstjóri á ýmis önnur verkefni útistandandi til að efla frekar rafræna stjórn-
sýslu. Því var á árinu hafist handa við undirbúning að rafrænni fyrirtækjaskrá. Það er
mikið verk og mun breyta miklu í samskiptum atvinnulífsins við RSK og verkefnið því
mikilvægt í víðasta skilningi bæði fyrir aukið öryggi í stjórnsýslunni og auðveldari sam-
skipti fagaðila við fyrirtækjaskrá RSK.

Inn á við var lögð aukin rækt við að þjálfa stjórnendur RSK í samskiptum og efla fræðslu
þeirra og þjálfun í stjórnunarfræðum. Allir stjórnendur RSK munu á næstu tveimur árum
gangast undir persónubundna þjálfun sem hófst á árinu 2013 og hefur þegar sannað
gildi sitt.

Aukin áhersla var á ýmis konar eftirlit sem RSK er falið, meiri árangur varð af starfsemi
eftirlitsins með auknum fjölda skoðana og nýrri tegund af skatteftirliti þar sem áhersla var
lögð á forvarngildi þess. Jafnhliða voru skattskil fjölmargra aðila tekin til skoðunar sem
leiddi í mörgum tilvikum til hærri skattálagningar. Heildarférhæð slíkra skattbreytinga
á árinu varð hærri en áður hefur orðið.

Endurskipulagning þjónustuværs hófst á árinu og var markmiðið að efla þjónustu þess
en um leið að færa starfið alveg til Norðurlands þar sem hluti þess var þegar rekinn. Í
þessu skyni voru sjö nýir starfsmenn ráðnir á starfsstöðvar RSK á Akureyri og Siglufirði
og hófu þeir þjálfun á síðustu mánuðum ársins.

Árið 2013 var einnig ár talsverðra breytinga í röðum starfsmanna. Eftir atburði hausts-
ins 2008 var starfsmönnum sem náðu lífeyrisaldri eftir það heimilað að vinna í hlutastarfi
um hríð. Sú ákvörðun var tekin snemma árs 2013 að ljúka því og var þannig unnt að
gera þá skipulagsbreytingu í árslok að færa starfsmenn úr þjónustuveri á Laugavegi í
önnur störf svo unnt væri að færa starfsemi þess norður yfir heiðar.

Í árslok var hafist handa við nýja stefnumótunarvinnu með öllum starfsmönnum þar
sem stefnt verður að auknum rafrænum samskiptum við framteljendur og aðra viðskipta-
menn, gerð nýs rafræns skattframtals, rafrænni fyrirtækjaskrá, nýju virðisaukaskattskerfi,
breyttu fyrirkomulagi skattkorta og ýmissi annarri hagræðingu í störfum, landsmönnum
öllum og lögaðilum til hagsbóta.

Skúli Eggert Þórðarson

Framtal og framtalsfrestur

Framtal einstaklinga á vefnum var opnað 7. mars og þá var nýtt útlit á þjónustusiðunni skattur.is einnig kynnt. Helstu nýjungar að þessu sinni voru reitir vegna fjársýsluskatts og ný eyðublað vegna leigutekna og námsmanna erlendis. Gert var ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur gæti verið í þremur þrepum og að auki voru gerðar nokkrar betrubætur á einfaldari útgáfu netframtalsins. Veitt var undanþága frá útfyllingu eyðublaðs vegna frádráttar ökutækjastyrks ef fenginn styrkur var undir 345.000 kr. Jafnframt var veitt undanþága frá útfyllingu eyðublaðs vegna frádráttar dagpeninga ef fengnir dagpeningar voru undir 800.000 kr. Gerð var krafa um að framteljendur breyttu veflykli sínum í varanlegan veflykil við innskráningu á þjónustusiðuna.

Einstaklingum bar að standa skil á skattframtali eigi síðar en 21. mars en hægt var að sækja um lengri skilafrest, sem var þá ýmist 2. eða 3. apríl. Framtalsfrestur lögaðila var til 31. maí en endurskoð-

endur, bókarar og aðrir sem hafa atvinnu af framtalsgerð gátu sótt um lengri framtalsfrest sem miðaðist við að framtölum væri skilað jafnt og þétt fram að lokafrestinum 14. maí vegna launamanna og einstaklinga í rekstri og 19. september vegna lögaðila. Lengdur skilafrestur miðaðist við rafræn skil á framtölum.

Rúmlega 77% allra skattframtala fá sjálfkrafa álagningu við vélræna yfirferð og þurfa því almennt ekki að sæta frekari athugun. Þau 23% framtala sem eftir standa eru einnig yfirfarin vélrænt en ábendingar gerðar til starfsfólks um frekari athugun á þeim áður en þau teljast tæk til álagningar. Með vélrænni yfirferð er farið með samræmdum hætti yfir öll innsend skattframtöl áður en þau sæta álagningu opinberra gjalda. Álagningarferlinu lýkur með skilum á álagningarupplýsingum til Fjársýslu ríkisins og tilkynningum til gjaldenda um niðurstöður álagningar.

Gerð var grein fyrir helstu atriðum framtalsskila í auglýsingum í dagblöðum. Þar komu framtalsfrestir fram, hvar hægt væri að nálgast leiðbeiningar, upplýsingar um veflykla o.fl.

Aðeins þeir sem höfðu skilað framtali á pappír árið áður fengu nú sent áritað pappírframtal. Með því fylgdi bréf þar sem tilkynnt var að þetta væri síðasta árið sem árituð pappírframtöl yrðu send út með þessum hætti. Jafnframt var veflyklabréf aðeins sent til nýrra framteljenda og þeirra sem áttu ekki varanlegan veflykil. Þeir sem höfðu látið endurskoðanda eða bókara skila framtali fyrir sig árið áður fengu ekki sendan heim veflykil.



Álagning opinberra gjalda

Á skattgrunnskrá við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2013, tekjuárið 2012, voru 264.192 einstaklingar, sem voru um 199.000 fjölskyldunúmer. Innkomin framtöl voru 251.682, en hver kennitala er talin sem eitt framtal. Í gegnum netframtalið á þjónustusiðunni var 184.531 framtali skilað, fagmenn skiluðu 55.477 í gegnum DK-framtalsforritið, 4.810 var skilað á pappír og starfsmenn RSK gengu frá 6.864 framtölum í nærþjónustu eða í gegnum síma. Þeir 12.600 einstaklingar sem ekki skiluðu framtali í tæka tíð fengu áætlun.

Eftir rafræna regluprófun komu 42.725 framtöl til skoðunar hjá starfsmönnum fyrir álagningu sem leiddi til breytinga á 6.113 skattframtölum, þar af 287 að undangenginni fyrirspurn.

Álagningarvinnslan hófst 8. apríl og var að mestu lokið þann 14. júní. Síðustu framtölin fóru í gegn þann 20. júní og 21. júní var álagningarkerfunum lokað og vélrænn hluti vinnslunnar hafinn.

Álagningin var birt framteljendum á þjónustusiðunni 24. júlí, en formleg framlagning var 25. júlí.

Breytingar fyrir álagningu; 95. gr. og 96. gr.

Fjöldi tilkynnta breytinga skv. 95. gr.
og 3. mgr. 96. gr. (Einstaklingar utan rekstrar)

	2013	2012
Málum lokið með tilkynningu skv. 95. gr.	6.113	5.346
96. gr. mál	287	74

Samtals afgreitt á árinu **6.400** **5.420**

Kæurur

Kæur; 99. gr.

Fjöldi afgreiddra einstaklingskæra	2013	2012
Innsendar kæur	4.986	5.596
Óafgreitt í lok fyrra árs	3	7
Óafgreitt í lok árs	0	3
Kæruframtöl afgreidd af starfsmönnum	1.035	849
Kerfisafgreidd framtöl	1.579	1.835
Almennar kæur	2.261	2.764
Frávísaðar bráðabirgðakæur	111	145
Samtals afgreitt á árinu	4.989	5.600

Fjöldi afgreiddra lögaðilakæra (dánarbú)*	2013	2012
Innsendar kæur	18	25
Óafgreitt í lok fyrra árs	23	20
Óafgreitt í lok árs	15	23
Samtals afgreitt á árinu	26	22

* Kæur lögaðila (dánarbúa) voru ekki sérgreindar í ársskýrslu 2012

Endurákvarðanir

Endurákvarðanir; 96. gr.	2013	2012
Hafin mál	6.321	12.886
Óafgreitt í lok fyrra árs	3.102	287
Óafgreitt í lok árs	1.765	3.102
Samtals afgreitt á árinu	7.658	10.071

Erindi

Erindi; 2. mgr. 101. gr. og 24. gr. ssl.

Fjöldi innsendra erinda	2013	2012
Bifreiðagjöld**	2.507	2.919
Barnabætur EES	60	77
Ný framtöl	2.127	1.731
Fjöldi almennra erinda	3.235	1.880
24. gr. ssl.	33	96
Mál frá yfirs kattane fnd	56	28
Samtals móttækin mál	8.018	6.731

Fjöldi afgreiddra erinda + fjöldi framtala	2013	2012
Óafgreitt í lok fyrra árs	231	-
Óafgreitt í lok árs	1.887	231
Bifreiðagjöld**	2.320	2.015
Barnabætur EES	57	75
Ný framtöl 2013 samþykkt af starfsmanni	1.007	402
Ný framtöl 2013 samþykkt af kerfi	656	222
Ný framtöl eldri ár	571	1.007
Almenn erindi 2013	1.417	948
Almenn erindi eldri ár	216	819
24. gr. ssl.	75	88
Mál frá yfirs kattane fnd	43	20
Samtals afgreitt á árinu	6.362	6.525

** Bifreiðagjöld voru ekki sett fram í ársskýrslu 2012

Annað

Fjöldi innsendra mála	2013	2012
Erfðafjárskýrslur	1.345	1.268
Fyrirframgreiðslur	756	686
Skráarvinnsla	1.072	233
Endurgreiðslur - virðisaukaskattur	105	0
Annað	0	2
Samtals móttækin mál	3.278	2.189

Fjöldi afgreiddra mála	2013	2012
Óafgreitt í lok fyrra árs	849	583
Óafgreitt í lok árs	242	849
Erfðafjárskýrslur	1.971	1.048
Fyrirframgreiðslur	768	658
Skráarvinnsla	1.041	217
Endurgreiðslur - virðisaukaskattur	105	0
Annað	0	0
Samtals móttækin mál	3.885	1.923

Framtalsaðstoð

Eins og síðustu ár gátu gjaldendur hringt og fengið símaþjónustu í tengslum við framtalsgerð. Auk þess var sérstök símaþjónusta fyrir þá sem höfðu áður skilað framtali á pappír og þeir aðstoðaðir við að skila vefframtali. Þjónustusiðan skattur.is var auglýst sérstaklega sem og framtalsfrestir og önnur helstu atriði. Einstaklingar skiluðu framtölum sínum fyrir en áður að þessu sinni og hefur sérstök símaþjónusta, aukin áritun upplýsinga á framtal, skýrari framsetning upplýsinga, einfaldað framtal og breytt form leiðbeininga undanfarin ár án efa haft mikið að segja.

Rafræn skil einstaklingsframtala

Áhersla er á að veita þeim mikla meirihluta landsmanna sem skilar skattframtölum rafrænt aukna þjónustu þótt vitaskuld sé þeim enn vel sinnt sem hafa ekki tók á að nýta sér rafræna þjónustu.

Frá árinu 2005 hafa samskipti við atvinnuframteljendur, sem nota framtalsforrit fremur en vefinn, verið á XML formi. Mikil áhersla er lögð á að þjóna þeim hópi vel og að hann hafi aðgang með vefþjónustum að allri þjónustu sem framteljendum býðst á vefnum, svo sem áritun upplýsinga. Auk þess er þeim boðið upp á ýmsa sérsniðna þjónustu, t.d. vegna frestlista.



Tekjuskattur í atvinnurekstri

Álagningarskoðun einstaklinga í atvinnurekstri hófst um miðjan apríl og lauk 14. júní. Í meginráttum var um hefðbundnar áherslur að ræða við skoðun framtalanna, skoðun á grundvelli regluglafs og annarra tilgreindra atriða.

Álagningarskoðun lögaðila hófst í lok ágúst og lauk 14. október. Tilkyntum breytingum á skattframtölum fækkaði um 13,6%. Við vinnslu lögaðilaframtala fyrir álagningu hækkuðu hreinar tekjur í reit 0900 um rúma 3,2 milljarða en lækkanir á móti námu rúmum 1,9 milljörðum. Yfirfæranlegt rekstrartap í reit 0910 sætti einnig miklum breytingum, bæði til hækunar og lækkunar, og nam nettólækkun kr. 5.364.850.570. Í framhaldi af tillögum starfshóps um breytt regluglafi fjölgaði vélrænt samþykktum framtölum í 70% nú, úr 63% við álagningu 2012 og 46% árið 2011. Sem fyrr var áhersla á að fylgja

breyttri verklínu við áætlun skattstofna þeirra sem ekki skiluðu skattframtali til álagningar. Nam hlutdeild þeirra í álögðum tekjuskatti 13,21% en var 37,27% við álagningu 2010.

Fjöldi afgreiddra kæra var 4.313. Kærum vegna gjaldársins 2013 lauk öllum innan framlengds afgreiðslufrests og 86% þeirra lauk innan lögboðinna tímamarka. Ef eingöngu er litið til lögaðila var 96% kæranna lokið innan lögboðinna tímamarka.

Innsendum erindum fækkaði nokkuð en þau voru alls 4.210 og afgreidd erindi voru 4.237. Var meðalafgreiðslutími þeirra 62,54 dagar. Af þessum erindum voru 2.983 (3.893 framtöl) vegna framtala í stað áætlana. Erindin streyma inn allan ársins hring en kippur kemur í skilin í framhaldi af lokum kærufrests. Það, ásamt forgangi kæruafgreiðslunnar, gerir verkstöðu þessara mála um áramót verri en

hún er að jafnaði yfir árið. Óafgreidd erindi voru t.d. 306 í lok ágúst 2013. Í þeim tilvikum sem mál dragast um of er gjaldendum gerð bréfléga grein fyrir töfenni og hvenær stefnt sé að lúkningu máls.

Úrskurðuðum endurákvörðunarmálum fjölgaði úr 304 í 536. Hækkun gjalda sem af þeim leiddu, og haldið var utan um, nam 321.969.089 kr. og lækkun taps 7.260.314 kr.

Rafræn skil lögaðilaframtala

Af innsendum framtölum lögaðila var um 98% skilað rafrænt og er það svipað hlutfall og fyrri ár. 99% skattskyldra lögaðila í tekjuskatti skiluðu rafrænt en 83% óskattskyldra. Um 69% var skilað með DK forriti en um 31% á vef ríkisskattstjóra.

	Vefframtal	Framtalsforrit	Samtals R-skil	Pappír	Samtals skil
Skattskyldir lögaðilar	8.910	21.098	30.008	333	30.341
Óskattskyldir lögaðilar	691	545	1.236	257	1.493
Samtals	9.601	21.643	31.244	590	31.834

Breytingar í álagningu; 95. og 3. mgr. 96. gr.	1.943		
Fjöldi tilkynnta breytinga skv. 95. og 96. gr.			
a. Einstaklingar hafin mál	1.497		
- Einstaklingar breytingar	1.183		
b. Lögðilar hafin mál	1.761 ¹		
- Lögðilar breytingar	760 ¹		
Kæzur; 99. gr. v/gjaldára 2012 og 2013	4.313	2012	2013
a. Fjöldi afgreiddra einstaklingskæra	507	0	507
- Þar af kærufamtöl	369	0	369
- Almennar kæzur	138	0	138
b. Fjöldi afgreiddra lögðilakæra	3.806	1.341	2.465
- Þar af lögðilaframtöl	3.549	1.156	2.393
- Þar af kerfisafgreidd	1.300	0	1.300
- Almennar lögðilakæzur	257	185	72
Skipting allra kæra vegna gjaldársins 2013			
a. Fjöldi kærufamtala	3.639		
b. Fjöldi almennra kæra	308		
c. Fjöldi frávisaðra bráðabirgðakæra	221		
Endurákvæðanir; 5. mgr. 96. gr.			
Fjöldi skoðaðra mála	1.175		
Fjöldi úrskurðaðra mála	536 ²		

4. Erindi; 2. mgr. 101. gr., 24. gr. ssl. o.fl.		
Fjöldi óafgr. erinda 1.1.2013	1.106	
Fjöldi óafgr. erinda 31.12.2013	1.098	
		Fjöldi framtala
a. Fjöldi innsendra erinda	4.210	5.445
b. Fjöldi afgreiddra erinda	4.237	5.424
Skipting afgreiddra erinda		
a. Ný framtöl	2.983	3.893
b. Önnur erindi skv. 2. mgr. 101. gr.	575	822
c. 24. gr. ssl.	131	154
d. Annað	545	555
	Fjöldi	Meðaltími
Afgreiðslutími erinda	4.237	62,54 dagar
Afgreitt innan mánaðar	1.235	29,15%
Afgreitt innan 2 mánaða	2.723	64,27%
Afgreitt innan 6 mánaða	4.067	95,99%
Afgreitt innan 9 mánaða	4.168	98,37%
Afgreitt innan 12 mánaða	4.209	99,34%
Lengur en 12 mánuðir	28	0,66%

- 1 Mismunur hafinna mála og tilkynnta breytinga liggur að mestu í skilum ársreikninga og launamiða í framhaldi af fyrirsögn.
- 2 Hér felst mismunurinn einnig töluvert í skrifum vegna gjaldfærðra launa og verktakagreiðslna (launamiða vantar).

Virðisaukaskattur

Í árslok 2013 voru 32.120 aðilar á virðisaukaskattsskrá en voru 31.462 í árslok 2012 og hafði því fjölgað um 658. Eins og undanfarin ár eru lögaðilar um 65% skráðra aðila en einstaklingar um 35%. Fjöldi nýskráðra og endurskráðra virðisaukaskattsnúmera vegna ársins 2013 var 3.667 en afskráningar 2.382 og fjölgaði virkum númerum því um 1.285 á milli ára.

Fjöldi skráðra virðisaukaskattsskýrsla við álagningu 2013 var 127.478. Heildarfjöldi skráðra virðisaukaskattsskýrsla að viðbættum áætlunum var hins vegar 144.512 og skiptist þannig: Jákvæðar skýrslur og áætlanir 102.187, núllskýrslur 16.348 og neikvæðar skýrslur 25.977. Auk þessa voru skráðar 3.124 skýrslur frá aðilum sem voru með vikuleg bráðabirgðaskil í fiskvinnslu og u.þ.b. 14.000 leiðréttingarskýrslur meðfylgjandi skattframtölum.

Aðilum sem sættu áætlun við frumálagningu virðisaukaskatts fækkaði um 700 á milli ára en frá árinu 2010, þegar embætti skattstjóra og ríkisskattstjóra voru sameinuð í eitt embætti ríkisskattstjóra, hefur þeim fækkað um liðlega 11.600. Á árinu 2013 var hlutfall áætlana 11,7% að jafnaði á móti 12,69 árið 2012 en fyrir árið 2010 nam hlutfall áætlaðra 19,12% að jafnaði. Þessi árangur hefur náðst m.a. með öflugu stofnskráreftirliti og jafnframt hefur sérstakt gjald sem lagt er á aðila við hverja skýrslu sem skráð er í stað áætlunar eindregið forvarnargildi í þessu sambandi.

Fjöldi umsókna um endurgreiðslu virðisaukaskatts til íbúðareigenda vegna viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæðis dróst saman á milli ára en aftur á móti fjölgaði umsóknum vegna nýbygginga. Alls voru afgreiddar liðlega 13.100 endurgreiðslubeiðnir af þessum toga á árinu 2013 á móti liðlega 13.800 árið áður.

Í töflunni hér að neðan koma fram upplýsingar um álagningu virðisaukaskatts fyrir árið 2013, þ.e. um skattskylda veltu, undan-

þegna veltu, útskatt, innskatt, áætlanir, álag o.fl. Um er að ræða heildartölur ársins 2013 eins og þær voru í byrjun apríl 2014. Fjárhæðir eru í þúsundum króna. Í töflu á bls. 11 koma fram upplýsingar um endurgreiðslur fyrir árið 2013 vegna húsnæðis, opinberra aðila, húsnæðis í eigu sveitarfélaga og vegna erlendra aðila, þ.e. erlendra ferðamanna og erlendra fyrirtækja sem rétt eiga á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyprar þjónustu á Íslandi.

Gjaldabreytingar sem leiddu af skoðun VSK-skýrsla og endurgreiðslubeiðna 2013

Tegund mála	Breyting (lækkun) á endurgr. VSK	Breyting (hækkun) á útskatti	Breyting (lækkun) á innskatti	Breyting (hækkun) á álagi	Gjaldabreytingar samtals
Samtímaeftirlit		69.351.500	188.512.236	4.717.972	262.581.708
Árseftirlit		24.005.388	122.589.301	11.156.993	157.751.682
Erindi/kæur		49.884.159	33.857.980	1.665.299	85.407.438
Endurgr. til sveitarf./ ríkisstofnana	27.775.852.	0	0	0	27.775.852
Endurgr. til verktaka v/íb. húsnæðis	21.359.088	0	0	0	21.359.088
Endurgr. til einst. v/íb. húsnæðis	139.736.764	0	0	0	139.736.764
Aðrar endurgreiðslur	34.364.170	0	0	0	34.364.170
Gjaldabreytingar samtals	223.235.874	108.776.811	344.959.517	17.540.264.	728.976.702

Fjárhæðir eru í krónum.

Álagning virðisaukaskatts – einstaklingar og lögaðilar

	2013	2012	%
Skattskyld velta 7%	612.077.661	577.058.326	6,1
Skattskyld velta 14%	0	-1.416	-100,0
Skattskyld velta 24,5%	-494.335	-1.204.002	-58,9
Skattskyld velta 25,5%	1.493.911.281	1.419.732.395	5,2
Skattskyld velta alls	2.105.494.607	1.995.585.303	5,5
Undanþegin velta	1.242.405.543	1.268.146.939	-2,0
Heildarvelta	3.347.900.150	3.263.732.242	2,6
Áætluð velta 7%	996.366	1.009.495	-1,3
Áætluð velta 25,5%	15.505.454	16.142.663	-3,9
Áætluð velta alls	16.501.820	17.152.158	-3,8
Útskattur 7%	42.916.440	40.464.656	6,1
Útskattur 14%	0	-198	-100,0
Útskattur 24,5%	-121.112	-293.119	-58,7
Útskattur 25,5%	384.900.593	366.155.731	5,1
Þar af áætlaður útskattur	4.023.636	4.187.044	-3,9
Þar af virðisaukaskattur af rafrænni þjónustu	90.742	53.500	69,6
Virðisaukaskattur af þjónustukaupum erlendis	1.385.133	1.939.750	-28,6
Útskattur alls	429.081.054	408.266.820	5,1
Innskattur	401.440.976	388.276.593	3,4
Innskattur bráðabirgðaskil	4.543.479	4.363.802	4,1
Innskattur alls	405.984.455	392.640.395	3,4
Álag	1.177.048	1.183.278	-0,5
Sérstakt gjald	32.275	32.780	-1,5
Álagning	23.096.599	15.626.425	47,8

Endurgreiðslur virðisaukaskatts – einstaklingar og lögaðilar

	2013	2012	%
Húsbýggjendur	4.219.673.218	3.545.296.760	19,0
Sveitarfélög/stofnanir	4.314.712.206	4.616.185.413	-6,5
Húsnæði sveitarfélaga	473.628.932	537.800.136	-11,9
Endurgreiðslur til erlendra aðila	1.352.673.004	1.729.017.535	-21,8
Endurgreiðslur alls	10.360.687.360	10.428.299.844	-0,6

Rafræn virðisaukaskattsskil

	2013	2012
Virkir veflyklar	32.042	30.997
Virk VSK-nr.	33.074	32.485
Rafrænar skýrslur	120.758	119.701
Skýrslur alls	127.478	128.867

Staðgreiðsla

Á staðgreiðsluskrá RSK voru 21.560 lögaðilar og 13.245 einstaklingar. Nýir á skrá á árinu voru 3.829 en afskráðir voru 3.631.

Að venju fór mikil vinna í að afgreiða staðgreiðsluerindi frá launþegum og launagreiðendum vegna staðgreiðsluáranna 2012 og 2011. Erindi frá launþegum vegna 2012 voru 135 en 207 leiðréttingar frá launagreiðendum. Einnig voru 224 breytingar gerðar vegna eldri ára. Fækkunin er áframhaldandi frá síðasta ári og er það vegna vérlæna breytinga á gögnum frá TR og Vinnumálastofnun sem byrjað var að gera á árinu 2011.

Áfram var unnið að því að fá fleiri launagreiðendur í rafræn skil og eru nú um 95,5% þeirra í rafrænum skilum og koma 99,72% sundurliðana með rafrænum hætti.

Samkvæmt innsendum skilagreinum staðgreiðslu á árinu voru greidd laun kr. 1.025.433.069.645 og staðgreiðsla kr. 254.840.490.682. Á árinu fóru staðgreiðsluskyldar tekjur því yfir billjón krónur.

Rafræn skil staðgreiðslu

Nánast allir launagreiðendur skila staðgreiðslu rafrænt, aðeins fáeinir einyrkjar skila enn á pappír.

Þar sem skil eru orðin því sem næst að fullu rafræn eru áætlanir gerðar 4-5 dögum eftir eindaga. Það þýðir að gjaldendur geta brugðist fyrr við og sparað sér hluta vanskilaálags, enda hefur sú breyting mæst vel fyrir.

Endurgreidd staðgreiðsla

Á árinu voru afgreiddar 368 beiðnir um endurgreiðslu á staðgreiðslu að fjárhæð kr. 38.168.434 vegna náms og vegna millifærslu milli skattþrepa hjá hjónum eða samsköttuðum.

Eftirlit með nýtingu persónuafsláttar


Töluvert eftirlit var með persónuafslætti og í þeim tilfellum þar sem hann hafði verið ónýttur voru launagreiðendur beðnir að „frysta skattkortid“ þar til staðan væri orðin rétt.

Staðgreiðsla

Hafin mál	2013	2012	Afgreidd mál	2013	2012
Óafgreitt í lok fyrra árs	42	35	Afdregin staðgreiðsla	125	144
Afdregin staðgreiðsla	131	160	Endurgreidd staðgreiðsla	368	355
Endurgreidd staðgreiðsla	367	348	Álag á staðgreiðslu	6	14
Álag á staðgreiðslu	10	12	Óafgreitt í lok árs	51	42
Samtals	550	555	Samtals	499	513

Milljónir kr.

Greidd laun 2013



Aldrei hafa hærrí gjöld verið ákvörðuð á grundvelli skatteftirlits en nú. Gjaldabreytingar námu 12,4 milljörðum kr. en að auki var felld niður 53,9 milljarða kr. rekstrartap í fyrirtækjum.

Líkt og fyrra ár má rekja gjaldabreytingarnar að stórum hluta til flók-inna viðskiptagerninga á borð við skuldbætt fyrirtækjakaup og skiptingar fyrirtækja þar sem um skattasniðgöngumál er að ræða sem rekja má til sérhæfðrar ráðgjafar á þessu sviði. Bæði yfirsattanevnd og Hæstiréttur hafa staðfest að bil hafi myndast milli eðlilegrar skattframkvæmdar og sérfræðiráðgjafar af þessu tagi og er það umhugsunarefni.

Átakinu „Leggur þú þitt af mörkum“ var áframhaldið og sem fyrr heppnaðist það vel. Ríkisskattstjóri heldur úti öflugum samtímaeftirliti þar sem skattskil fyrirtækja eru könnuð á starfsstöð þeirra og farið yfir tekjuskráningu og launagreiðslur starfsmanna. Hátt í 1.100 fyrirtæki voru heimsótt á árinu og kom í ljós að um 15% þeirra starfsmanna sem skoðaðir voru reyndust ekki vera á launaskrá.

Ríkisskattstjóri fékk aukin úrræði með lokunarheimild á grundvelli laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ljóst er að tilkoma heimildarinnar hefur hjálpað mikið til við að koma launagreiðslum þeirra rekstraraðila sem heimsóttir hafa verið í lag.

Með öflugum samtímaeftirliti næst betra samband við gjaldendur og gerir það auðveldara að leiðbeina þeim og auðvelda að hafa skattskil sín í lagi. Öflugt samtímaeftirlit veitir aðhald, er fyrirbyggjandi, tryggir eðlilega skattframkvæmd og rétt gjöld í ríkissjóð.

Skattskil lögaðila eru greind og er með því móti unnt að draga á skilvirkan hátt fram athugasemdir skattskil og koma þeim í áframhaldandi vinnslu. Í þróun er nýr hugbúnaður sem ætlað er að geta dregið þetta fram með nýjum og öflugum hætti og mun hann nýtast vel til stuðnings við samtímaeftirlit.

Helstu niðurstöður skatteftirlits

Gjaldabreytingar eftirlitsmála (nettó)	2013	2012
Opinber gjöld	11.902	5.676
Virðisaukaskattur og álag	105	1.664
Tryggingagjald og álag á staðgreiðslu	416	213
Fjárhæð gjaldabreytinga alls	12.422	7.553
Lækkun á yfirfæranlegu tapi	53.881	2.824

Meðalfjárhæðir og hlutfall gjaldabreytinga

Fjárhæð gjaldabr. á hvert lokið mál með gjaldabreytingu	51.5	24.5
Fjárhæð gjaldabr. á hvert lokið mál	11.6	10.7
Fjöldi mála lokið á árinu alls	1.072	706
Þar af fjöldi málaloka með gjaldabreytingu	241	308
Hlutfall gjaldabreytinga af loknum málum	22%	44%

Samtímaeftirlit

Mál frá fyrra ári	636	443
Ný mál á árinu	1.091	552
Mál í vinnslu á árinu	1.727	995
Málum lokið á árinu	1.714	359
Málum lokið með athugasemd / send áfram	372	-

Hefðbundið skatteftirlit*

Mál frá fyrra ári	589	814
Ný mál á árinu	803	481
Ný mál í vinnslu á árinu	1.691	1.295
Eftirlitsmálum lokið	1.072	706
P.a. mál með gjaldabreytingu	241	308

Upphæðir í milljónum kr.

* Mismunur hafinna mála og tilkynnta breytinga liggur að mestu í skilum ársreikninga og launamíða í framhaldi af fyrirspurn.

Fyrirtækjaskrá

Í lok árs voru fyrirtæki og félög í fyrirtækjaskrá samtals um 66.000 en þar af eru um 32.000 einkahlutafélög. Skráð voru 1.935 ný einkahlutafélög sem er ríflega 10% aukning frá árinu á undan.

Alls bárust tæplega 7.000 aukatilkynningar en það eru tilkynningar um breytingar á skráningarskyldum atriðum hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum. Þetta er heldur minna en árið á undan en á móti hefur tilkynningum vegna annarra aðila, t.d. félagasamtaka, fjölgað verulega.

Samrunatilkynningar voru 118 og yfirtekin félög 153. Skiptingar voru 29 og viðtökufélög voru 34. Alls komu því 334 félög við sögu varðandi samruna og skiptingar.

Samtals voru 1.305 einkahlutafélög afskráð. Margar ástæður geta legið að baki afskráningum svo sem að hluthafar ákveði að slíta félagi og óski afskráningar, gjaldþrot og samruni við annað félag. Að auki getur fyrirtækjaskrá haft frumkvæði að afskráningu félaga.

Almennar stjórnvaldsákvæðanir

Tíðara er orðið að aðilar geri athugasemdir við skráningu eða höfnun á skráningu í fyrirtækjaskrá og þarf þá að taka stjórnvaldsákvæðun. Á árinu hófust 32 mál af því tagi og er það nokkur aukning frá árinu 2012 þegar slíkar ákvarðanir voru 25. Því lítur út fyrir að réttur til að kæra skráningu til fyrirtækjaskrár þegar deilur eru milli aðila vegna skráningar í staðinn fyrir að leita beint til dómstóla sé notaður í auknum mæli. Það gerir að verkum að mál er koma fyrir fyrirtækjaskrá í dag eru töluvert flóknari úrlausnar en áður var þegar flestar stjórnvaldsákvæðanir voru í tengslum við synjun á skráningu. Einnig hefur aukist að ákvarðanir séu kærðar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, fagráðuneytis fyrirtækjaskrár, og fylgir því töluverð vinna. Stofnuð voru 25 mál er tengjast afskráningu fyrirtækja.

Undanþága frá innköllun vegna lækkunar hlutafjár

Með reglugerð nr. 485/2013 framseldi atvinnuvega- og nýsköpunaráðherra vald sitt til að veita undanþágu skv. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra. Breytingin tók gildi frá og með 1. júní 2013.

Hlutafélög og einkahlutafélög sækja því nú um undanþágu á innköllunarskyldu til fyrirtækjaskrár vegna lækkunar á hlutafé samhlíða tilkynningu um lækkun hlutafjár. Með breytingunni var leitast við að bæta þjónustu við atvinnulífið en í henni felst mikið hagræði fyrir þá aðila sem eftir slíkrri undanþágu leita.

Þá sjö mánuði ársins sem fyrirtækjaskrá tók á móti beiðnum um undanþágu bárust 52 slíkar.

Ársreikningaskrá

Skilaskyld félög fyrir rekstrarárið 2012 voru 32.846. Samkvæmt lögum ber að skila ársreikningi fyrir lok ágúst mánaðar næsta ár eftir lokun reikningsárs. Í lok ágúst var búið að skila um fjórðungi ársreikninga en í lok desember voru skilin komin í ríflega 80%. Skil ársreikninga hafa batnað jafnt og þétt nokkur síðustu ár og ljóst að áttak það sem staðið hefur yfir undanfarin ár til að auka skil ársreikninga hefur skilað miklum árangri því bæði hafa heildarskil batnað og reikningar berast fyrr en áður.

Rafræn skil hafa aukist og er nú svo komið að um 85% er skilað til ársreikningaskrár með rafrænum hætti sem gerir að verkum að gæði skrárinnar hafa aukist umtalsvert. Á árinu bárust 25.912 ársreikningar rafrænt en heildarfjöldi skilaðra ársreikninga var 29.317.

Eftirrekstur og sektir

Í upphafi árs var unnið að því að tryggja skil á ársreikningi ársins 2011. Árið 2012 hafði verið send út ein áskorun þar sem skorað var á félög að skila inn ársreikningi svo ekki kæmi til ákvörðunar um fésekt ásamt því að búið var að senda út boðunarbréf þar sem boðað var að ársreikningaskrá hygðist leggja sekt á félög hefði ársreikningi ekki verið skilað. Að lokum voru 1.819 félög sektuð hinn 16. janúar 2013 vegna vanskila á ársreikningi ársins 2011. Í samræmi við úrskurði yfirskattanefndar voru 106 sektir afturkallaðar og 339 lækkaðar.

Í október hófst vinna við að tryggja skil á ársreikningi ársins 2012 er 10.328 félög fengu send áskorunarbréf þar sem skorað var á þau að skila ársreikningi ársins 2012 svo ekki kæmi til sekta. Í framhaldinu fengu 4.398 boðunarbréf þar sem boðað var að ársreikningaskrá hygðist leggja sektir á félögin.

Ársreikningaskrá tók einnig við beiðnum um endurákvörðun sekta vegna fyrri ákvarðana ásamt því að fjöldi skriflegra athugasemda barst í tengslum við ofangreindar aðgerðir. Skráð voru 350 mál í málaskrá GoPro er tengjast sektarákvörðun ársreikningaskrár og var öllum erindum svarað skriflega.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Ársreikningaskrá annast eftirlit með reikningsskilum félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) í samræmi við VIII. kafla ársreikningalaga og evrópskar reglur þar að lútandi. Félögum sem eru með verðbréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu og félögum sem falla undir lög nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi ber skylda til að beita stöðlunum við samningu reikningsskila sinna. Einnig geta félög sem uppfylla skilyrði í 90. og 92. gr. ársreikningalaga fengið heimild til að beita stöðlunum. Alls beittu 74 félög þeim á reikningsárinu sem lauk 31. desember 2012 en það er fækkun um sjö frá árinu á undan. Þar af voru 29 félög sem

voru með verðbréf sín skráð í Kauphöllinni, 13 váttryggingafélög og 32 félög höfðu nýtt sér heimild til að beita stöðlunum.

Reikningsskil 16 félaga voru tekin til athugunar á árinu og var skoðun sex þeirra enn í gangi í árslok. Ef frávik frá viðeigandi regluverki koma í ljós við eftirlit getur ársreikningaskrá gripið til eftirfarandi aðgerða í samræmi við alvarleika frávíka:

- Krafa um að félag endurgeri reikningsskil sín
- Krafa um að félag birti opinberlega viðbótarupplýsingar vegna fráviks
- Krafa um að félag breyti reikningsskilum sínum í framtíðinni
- Ábending um þau atriði sem ábótavant er við reikningsskil félags

Við mat á því til hvaða aðgerða skal gripið er ávallt litið til mikilvægis auk annarra atriða eftir atvikum. Við eftirlit ársins komu ekki upp nein frávik frá stöðlunum sem voru metin það alvarleg að það kallaði á að gerð væri krafa um að félag endurgerði reikningsskil sín eða birti viðbótarupplýsingar opinberlega.



Ýmis gjöld og skattar

Skilagjald

Álagning vegna skilagjalds og umsýsluþóknunar á drykkjarvörur í einnota umbúðum var 1.249 m.kr. og var 21 gjaldandi á skilagjalds-skrá. Árið áður nam skilagjaldið 1.301 m.kr.

Vörugjald

Þann 1. mars 2013 færðist framkvæmd álagningar vörugjalds af innlendi framleiðslu alfarið yfir til embættis tollstjórans í Reykjavík, sbr. lög nr. 156/2012.

Skattur af sölu á raforku og heitu vatni

Á skrá voru 59 skattskyldir aðilar.

	2013	2012
Skattur af sölu á rafmagni	2.032	1.869
Skattur af sölu á heitu vatni	311	294

Upphæðir í milljónum kr.

Úrvinnslugjald

	2013	2012	Gjaldendur
Úrvinnslugjald vegna spilliefna	11,9	12	3
Úrvinnslugjald umbúða	57	52	11

Upphæðir í milljónum kr.

Gistináttgjald

Gjaldendur á grunnskrá vegna gistináttgjalds árið 2013 voru alls 751.

	2013	2012
Álagning gistináttgjalds	232,3	168

Upphæðir í milljónum kr.



Bifreiðagjald

	2013	2012
Heildarálagning bifreiðagjalds	6.576	6.653
Skattbreytingar	-190	-197
Staða eftir skattbreytingar	6.386	6.456
Úrvinnslugjald á bifreiðar		
Heildarálagning úrvinnslugjalds	156,2	155,3
Staða eftir skattbreytingar	155,8	155

Kílómetragjald

	2013	2012
Álagning	669	693
Áætlanir	521	484
Sektir	2	1
Samtals	1.192	1.178
Skattbreytingar	-441	-483
Staða eftir skattbreytingar	751	695

Olúfgjald

	2013	2012
Álagning	7.302	6.991
Endurgreiðslur	-178	-198
Sektir vegna brota	5	4
Samtals	236	221
Gjaldskyld olía, milljónir lítra	107,2	128,2
Gjaldfrjáls olía, milljónir lítra	100,6	107,7
Samtals	208	236

Áfengisgjald

	2013	2012
Innlend framleiðsla	4.162	4.219
Innflutningur	7.189	6.908
Samtals	11.351	11.127

Upphæðir í milljónum kr.

Alþjóðamál

Norrænt samstarf var áberandi á árinu. Ísland var gestgjafi í september þegar fundur um upplýsingaskipti um fjármálagerninga var haldinn í Reykjavík og aftur í október þegar vinnuhópur um regluleg upplýsingaskipti á milli Norðurlandanna hittist. Ríkisskattstjóri var þátttakandi í starfi fimm samnorrænna vinnuhópa.

1 Starfshópur um upplýsingaskipti á milli Norðurlandanna

Hópurinn hélt áfram því starfi sem hófst árið 2011. Áfram var unnið að markmiði hópsins sem er að bæta upplýsingaskipti á milli Norðurlandanna þannig að unnt verði að nota tekjuupplýsingar frá einu landi í skattálagningu annars lands.

2 Nordisk eTax

Norræni skattavefurinn „Nordisk eTax“ er dæmi um góða samvinnu milli skattyfirvalda á Norðurlöndum. Á vefsíðunni er að finna haldgóðar upplýsingar fyrir þá sem búsettir eru í einu landi en hafa tekjur og/eða eiga eignir í öðru. Þar er einnig hægt að senda inn fyrirspurnir sem löndin svara í samvinnu þó svo það land er fyrirspurnin er send á beri fyrst og fremst ábyrgð á svarinu. Árið 2011 opnaði síða þar sem er að finna lista yfir algengar spurningar og svör við þeim. Vinnuhópurinn sem ber ábyrgð á Nordisk eTax hittist tvisvar á ári auk þess sem fulltrúar í svarhópunum hittast með þeim á sameiginlegum fundi annað hvert ár.

3 NAIS (Nordiska Arbetsgruppen mot Internationellt Skatteundragende)

Hópurinn á að vinna að því að bæta samskipti bærra stjórnvalda á Norðurlöndunum og bærra stjórnvalda í þeim löndum sem gert hafa upplýsingaskiptasamninga við Norðurlöndin. Þá hefur hópurinn skipst á upplýsingum um hvernig til hefur tekist að afla upplýsinga frá ríkjum með gilda tvísköttunar- eða upplýsinga-

skiptasamninga. Vinnu við sameiginlegt vefsvæði var haldið áfram en þar á að geyma upplýsingar um þau ríki sem Norðurlöndin hafa möguleika á að afla upplýsinga frá og hvernig best sé staðið að slíkri upplýsingaöflun. Þessi vinnuhópur hittist þrisvar á árinu og þar af var einn fundur með bærum stjórnvöldum í Sviss.

4 Starfshópur um upplýsingaskipti um fjármálagerninga

Ríkisskattstjóri hóf þátttöku í þessum hóp á árinu. Haldnir voru tveir fundir þar á meðal einn í Reykjavík. Verkefni vinnuhópsins er að skiptast á upplýsingum um viðskipti með fjármálagerninga og eru upplýsingaskiptin liður í því að koma í veg fyrir að tekjur af umræddum gerningum séu óskattaðar í heimaríki þegar upprunaríki teknanna skattleggur þær ekki.

5 Starfshópur um notkun upplýsingatækni í skattkerfinu

Starfsmenn eftirlitssviðs sitja í samnorrænum stýrihópi sem settur var á stofn til að stuðla að miðlun á milli skattyfirvalda á Norðurlöndunum á reynslu og þekkingu á netbókhalda, greiningu upplýsinga úr sölukerfum verslana, vefviðskipti og frjálsum hugbúnaði til notkunar við réttarrannsóknir. Stýrihópurinn ákvað að skipa sérstakan undirhóp með tveimur þátttakendum frá hverju landi til að skoða frjálstan hugbúnað sem nýst gæti við réttarrannsóknir. Á síðasta ári voru haldnir allnokkrir fjárfundir í hópunum auk eins hefðbundins fundar í stýrihópnum um vefviðskipti sem haldinn var í Danmörku. Á fundinum var m.a. rætt um mismunandi tæki og tól til að sækja gögn af netinu. Næsta skref er að skoða hin ýmsu smáforrit fyrir farsíma, einkum samskiptahluta þeirra.

Áfram var fylgst með starfi vinnuhópa hjá OECD en ríkisskattstjóri hefur fylgst náið með starfi vinnuhóps 1, sem fjallar um tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD og breytingar á henni og meðfylgjandi

greinargerð, og starfi vinnuhóps 10 sem fjallar um upplýsingaskipti á grundvelli tvísköttunar- eða upplýsingaskiptasamninga. Vegna þessarar vinnu var sóttur einn fundur hjá OECD á árinu. Fyrirsjáanlegt er að vinnuhópur 10 muni í auknum mæli leggja áherslu á regluleg upplýsingaskipti og af þeim sökum má gera ráð fyrir að ríkisskattstjóri muni leggja aukna áherslu á þennan þátt upplýsingaskipta. Á árlægum norrænum embættismannafundi sem haldinn var í Finnlandi í ágúst voru ýmis túlkunar- og framkvæmdarleg atriði rædd í tengslum við norræna tvísköttunarsamninginn. Þá voru helstu lagabreytingar kynntar ásamt því að farið var yfir stöðu viðræðna um gerð nýrra tvísköttunarsamninga. Ríkisskattstjóri átti að venju fulltrúa á aðalfundi IOTA (The Intra-European Organisation of Tax Administrations) sem að þessu sinni var haldinn í Bern í Sviss. Nefnd um gerð tvísköttunarsamninga fundaði lítið á árinu og fóru engir formlegir samningafundir við erlend ríki fram. Í byrjun árs lá fyrir skýrsla um lagaumhverfi og framkvæmd upplýsingaskipta á sviði skattamála sem gerð var vegna þátttöku Íslands í Global Forum on Transparency and Exchange of Information for Tax Purposes. Skýrslan var tekin fyrir á fundi í Malasíu í febrúar og var samþykkt þar án athugasemda. Í skýrslunni kom fram að Ísland uppfyllir alla alþjóðlega staðla sem viðurkenndir eru vegna upplýsingaskipta á sviði skattamála. Í því felst að:

Regluleg upplýsingaskil voru sem fyrr með hefðbundnum hætti. Ríkisskattstjóri sendi upplýsingar um laun, fjármagnstekjur, líffeyri o.fl. til erlendra skattyfirvalda í 35 ríkjum vegna tekjuársins 2012 og móttók samtals upplýsingar frá 6 erlendum ríkjum vegna sama tekjuárs. Þá bárust reglulegar upplýsingar um eldri tekjuár frá þremur ríkjum. Upplýsingabeidnir frá erlendum skattyfirvöldum voru 79. Ríkisskattstjóri skrifaði erlendum yfirvöldum vegna 30 skattaðila til að fá frekari upplýsingar. Þá bárust tilfallandi upplýsingar vegna 19 skattaðila og ríkisskattstjóri sendi upplýsingar út vegna sex aðila. Ein beiðni um gagnkvæmt samkomulag (Mutual Agreement Procedure – MAP) var send af hálfu ríkisskattstjóra.



Skrifstofa alþjóðamála

Fjöldi innsendra erinda	2013	2012
Óafgreitt í lok fyrra árs	189	0
Takmörkuð skattskylda – RSK 5.42 undanþága	371	287
Takmörkuð skattskylda – RSK 5.43 endurgr.	117	176
Undanþága frá staðgreiðslu tekjuskatts á vexti	19	
Vottorð	1.585	1.359
Fríkort	102	102
Skattaleg heimilisfesti	6	0
Barnabótaupplýsingar	310	233
Önnur mál	14	11
Samtals móttækin mál	2.524	2.168

Fjöldi afgreiddra erinda	2013	2012
Takmörkuð skattskylda – RSK 5.42 undanþága	388	188
Takmörkuð skattskylda – RSK 5.43 endurgr.	134	110
Undanþága frá staðgreiðslu tekjuskatts á vexti	19	
Vottorð	1.447	1.351
Fríkort	102	98
Skattaleg heimilisfesti	131	0
Barnabótaupplýsingar	305	221
Önnur mál	0	11
Óafgreitt í lok árs	82	189
Samtals afgreidd mál	2.631	1.979

Upplýsingagjöf

Fróði

Unnið var áfram að efni í Fróða, sem er rafrænn upplýsingabrunnur embættisins. Meðal annars voru verklagsreglur um vaxtabætur endurgerðar.

Fræðsla og fundir

Á árinu var haldinn 41 fræðslufundur fyrir starfsmenn í umsjón fagsviðs. Um kennslu á þessum fræðslufundum sáu starfsmenn á fagsviði auk annarra starfsmanna, t.d. á atvinnurekstrarsviði, einstaklingssviði, skráasviði, tæknisviði og sviði alþjóðasamskipta. Flestir fundirnir voru haldnir á Laugavegi 166 og í fjarfundi, en auk þess voru haldnir fræðslufundir á starfsstöðvunum í Hafnarfirði, á Akranesi, Ísafirði, Akureyri og Hellu.

Sem dæmi um efni fræðslufunda má nefna:

Umfjöllun um málsmeðferðarreglur bæði í virðisaukaskatti og tekju-skatti, lagabreytingar sem gerðar voru 2012, reiknað endurgjald og skattmat á tekjuárinu 2013, breytingar á skattframtali 2013, tvísköttunarsamninga, skuldsettar yfirtökur, eftirgjöf skulda í rekstri, regluþrófun og yfirferð skattframtala, barnabætur, vaxtabætur, verkefni fyrirtækjaskrár, alþjóðlega reikningssskilastaðla, skattskyldar tekjur auk atriða sem tengjast virðisaukaskattframtalvæmd og yfirferð á rafrænum skilum á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þá var lokið við námskeið í ritun á íslensku sem ætlað var öllum starfsmönnum. Lauk því með námskeiðum á Akranesi og á Akureyri þar sem jafnframt var nýttur fjarfundarbúnaður. Haldið var námskeið um kennslutækni og annað um glærugerð. Voru þessi

námskeið ætluð þeim starfsmönnum sem sinna kennslu á fræðslufundum og námskeiðum.

Starfsmenn á fagsviði, atvinnurekstrarsviði og einstaklingssviði sinntu auk þess sem rakið hefur verið sérstakri fræðslu fyrir nýja starfsmenn í þjónustuveri og fór sú fræðsla fram á Akureyri.

Haldnar voru málstofur um handreikning og fundir um verklagsreglur um ívilnanir og um staðgreiðslu en í öllum tilvikum komu þar saman allir starfsmenn sem fást við þennan hluta skattframtalvæmdarinnar og samræmdu sína vinnu. Jafnframt voru haldnir samráðsfundir vegna breytinga á reglugerð um rafrænt bókhald og um virðisaukaskatt.

Haldið var áfram kynningum á hverju sviði í skipulagi embættisins. Fjögur svið kynntu þau störf sem þar eru unnin, skráasvið, lögfræðisvið, tæknisvið og atvinnurekstrarsvið. Önnur svið halda slíkar kynningar á árinu 2014.

Nokkrir fræðslu- og kynningarfundir voru haldnir um skattamál fyrir hópa utan skattkerfisins. Þar á meðal voru Félag viðurkenndra bókara, starfsmenn Tollstjóra, starfsmenn Umboðsmanns skuldara, ökuleyfishafar og leigubifreiðastjórar og hluti af starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Þá var haldið eitt námskeið fyrir þá sem voru að hefja rekstur.

Haldnir voru samráðsfundir milli fagsviðs og annarra sviða embættisins, einstaklingssviðs, atvinnurekstrarsviðs, eftirlitssviðs og tæknisviðs þar sem rædd voru hin ýmsu álitæfni og samráð haft um skattframtalvæmdina. Þá eru reglulega haldnir samráðsfundir milli virðisaukaskattshluta fagsviðs og starfsmanna af virðisaukaskattshluta atvinnurekstrarsviðs annars vegar og starfsmanni á lögfræðisviði hins vegar.

Framtalsleiðbeiningar

Í upphafi ársins voru gerðar framtalsleiðbeiningar fyrir einstaklinga vegna skattframtals 2013. Leiðbeiningarnar voru tilbúnar í febrúar 2013 og prentaðar í 3.000 eintökum en jafnframt birtar á vefsíðu embættisins.

Unnið var að gerð skattmats 2014 og viðmiðunarreglum um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2014. Hvoru tveggja var tilbúið í desember en birt í Stjórnartíðindum 10. janúar 2014 að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra.

Verklagsreglur og verkferlar

Haldið var áfram vinnu við verklagsreglur og verkferla. Verklagsreglur um ívilnanir voru endurskoðaðar. Samhliða voru haldnir fundir með öllum þeim starfsmönnum sem starfa við þetta verkefni. Verklagsreglur um vaxtabætur voru endurskrifaðar og eru allar verklagsreglur og verkferlar birtir rafrænt í Fróða.

Önnur upplýsingagjöf

Starfsmenn á fagsviði tóku ríkan þátt í að svara fyrirspurnum bæði frá starfsmönnum og skattaðilum, hvort heldur í gegnum tölvupóst eða síma. Svör við slíkum fyrirspurnum voru í nokkrum tilvikum birt á ytri vef embættisins sem ákvarðandi bréf og á innri vef embættisins sem almenn bréf. Ákvarðandi bréf vegna beinna skatta urðu þrjú á árinu.

Mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum annast ríkisskattstjóri endurákvörðunina. Í byrjun árs biðu 44 mál frá skattrannsóknarstjóra afgreiðslu og 51 mál barst á árinu. Úrskurðað var í 44 málum en í 13 málum þótti ekki vera tilefni til endurákvörðunar. Í árslok voru 38 óafgreidd mál frá skattrannsóknarstjóra.

Umsagnir í kærumálum fyrir yfirsattanefnd

Samkvæmt lögum um yfirsattanefnd ber ríkisskattstjóra að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda gagnvart yfirsattanefnd. Ríkisskattstjóri færir fram rökstuðning og aflar nauðsynlegra gagna í kærðum málum. Í upphafi árs biðu 38 kærumál rökstuðnings ríkisskattstjóra og 325 ný bárust á árinu. 339 umsagnir voru afgreiddar og 24 mál biðu afgreiðslu í árslok.

Umsagnir vegna dómsmála

Ríkisskattstjóri leggur ríkislögmanni lið þegar höfðuð eru mál á hendur ríkinu sem tengjast verkviði embættisins. Á árinu bárust 17 slíkar umsagnarbeiðnir og voru 13 þeirra afgreiddar fyrir árslok.

Umsagnir til nefndasviðs Alþingis

63 umsagnabeiðnir bárust frá nefndasviði Alþingis. Ríkisskattstjóri veitti umsagnir vegna 23 lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna á árinu.

Umsagnir til ráðuneyta

Veittar voru umsagnir í 27 málum af 33 sem komu til embættisins.

Bindandi álit

Samkvæmt lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, skal ríkisskattstjóri láta uppi bindandi álit í skattamálum, enda varði mál verulega skattalega hagsmuni þess er eftir álitinu leitar. Í upphafi árs biðu tvær beiðnir frá fyrra ári afgreiðslu og 11 nýjar bárust á árinu. Engar beiðnir um bindandi álit voru óafgreiddar í árslok.

Tafabréf

Ríkisskattstjóri tilkynnir málsaðilum um tafir á afgreiðslu mála, sbr. 3. mgr. 9. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993, í þeim tilvikum þegar ekki tekst að ljúka vinnslu á kærnum og erindum innan tímafresta. Á árinu voru send út 114 tafabréf en það er veruleg fækkun frá fyrri árum.

Undanþágur frá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts

Gefnar voru 44 undanþágur frá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.


Kaupréttaráætlanir

Staðfestar voru tvær nýjar kaupréttaráætlanir og einn viðauki sbr. 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Útgáfa TS númera

Veittar voru tvær heimildir til tekjufærslu skv. söluyfirlitum, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 50/1993, sbr. 8. og 17. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald.

Vefir



Heimsóknir á vefi RSK

	2013	2012
Heimsóknir á vefi RSK	3.377.088	2.496.851
pr. mánuð	281.424	208.071
Breyting milli ára	35,25%	

Þar af heimsóknir með snjalltæki

Heimsóknir á vefi RSK	157.363	36.475
pr. mánuð	13.114	3.040
Breyting milli ára	331,43%	348,98%
Hlutfall af heimsóknum	4,66%	1,46%

Heimsóknir á Nordisketax

	2013	2012
nordisketax.net	424.093	293.067
pr. mánuð	35.341	24.422
Breyting milli ára	44,71%	42,21%

Þar af heimsóknir með snjalltæki

nordisketax.net	55.347	21.916
pr. mánuð	4.612	1.826
Breyting milli ára	152,54%	294,95%
Hlutfall af heimsóknum	13,05%	7,48%

Þjónustusíður

Þjónustuvefur ríkisskattstjóra, skattur.is, er í stöðugri þróun og voru gerðar breytingar á notendaviðmóti til einföldunar á samskiptum við gjaldendur. Til að mynda var útfærð einfaldari niðurstaða fyrir bráða-birgðaútreikning. Einnig var sömu útfærslu beitt á álagningarseðil sem gengur út á að birta fyrst aðalatriði niðurstöðu álagningar, þ.e. inneign eða skuld og greiðslur pr. gjalddaga. Útlit þjónustuvefsins var einnig samræmt útliti upplýsingavefs ríkisskattstjóra og allt árið var unnið að tæknilegri útfærslu vefsins og umbótum í öryggismálum.

Fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur

Helstu skattalagabreytingar sem áhrif höfðu á álagningu voru fjárhæðarbreytingar í barnabótum og tilkoma fjársýsluskatts og sérstaks fjársýsluskatts. Sem venja er þegar ný gjöld og skattar eru lagðir á þarf að breyta tölvukerfum til að taka við og geyma upplýsingar um álagningarstofna. Þá þarf að útfæra álagningarhluta kerfanna, skuldajafna fyrirframgreiðslu og/eða staðgreiðslu og sjá til þess að hægt sé að breyta gjöldunum og koma þeim breytingum til innheimtumanna ríkisins. Í tilfelli þessara tveggja gjalda var innheimt staðgreiðsla vegna fjársýsluskatts og var sú innheimta útfærð í fyrirbyggjandi staðgreiðslukerfi launa. Fyrirframgreiðsla sérstaks fjársýsluskatts var með nokkuð óvenjulegum hætti en fyrirframgreiðsla upp í álagningu 2013 hafði verið innheimt á árinu 2012 í 10 hlutum fyrir 12 gjalddaga. Einungis var fjallað um þess konar útfærslu fyrirframgreiðslu fyrir árið 2012 í lögum og var því þessi háttur ekki endurtekinn á árinu 2013 heldur féll innheimta fyrirframgreiðslu gjaldsins upp í álagningu 2014 að hefðbundinni aðferð við innheimtu fyrirframgreiðslu þinggjalda. Sú aðferð gerir ráð fyrir innheimtu fyrirframgreiðslu í nokkrum hlutum fyrir álagningu á álagningarári, á árinu 2014 í þessu tilfelli.

Netframtal

Við framtalsskil var einstaklingum boðið að taka þátt í skoðanakönnun og koma ábendingum á framfæri um netframtalið og tóku um 28.000 framteljendur þátt.

Ný atriði á framtali voru aðallega vegna tilkomu fjársýsluskatts og fjármagnstekjuskatts í lægri skattþrepum (10%, 15% og 18%). Við áritun upplýsinga á rafræn framtöl bættist einnig áritun íþróttastyrks og frádráttar frá honum, auk samgöngugreiðslna. Bætt var við nýjum eyðublöðum vegna leigutekna og umsóknar um skattalega heimilisfesti. Að venju bættust við nýjar ábendingar við villuprófun við rafræn framtalsskil til að stuðla að enn réttari framtölum.

Skilakerfi staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts

Með breytingu á lögum var skilaskyldum aðilum staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts gert að skila sundurliðuðum upplýsingum ársfjórðungslega í stað heildarsummu staðgreiðslu af vöxtum og arði áður. Því þurfti að endurnýja skilakerfi staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts og hófst vinna við það á vormánuðum og fór kerfið í rekstur vegna skila fyrir þriðja ársfjórðung ársins. Kerfið er ekki að fullu tilbúið og mun smíði þess halda áfram á næsta ári.

Nýtt vsk kerfi - Eyðublaðakerfi

Á undanfórnum misserum hefur verið unnið að hönnun og undirbúningi nýs tölvukerfis fyrir virðisaukaskatt. Eldra kerfi er komið til ára sinna og uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru um hagkvæmni og sveigjanleika í rekstri. Ein hlið kerfisins snýr að bættari framsetningu eyðublaða og meðhöndlun þeirra. Unnið hefur verið að því að skoða leiðir til að framleiða rafræn útfyllanleg eyðublöð með hagkvæmum hætti sem geta bæði aðlagast núverandi skila- og vinnslukerfi og því kerfi sem mun síðar taka við.

Reiknivélar rsk.is

Á árinu hófst vinna við endurnýjun á reiknivélum fyrir upplýsingavef ríkisskattstjóra. Þær þörfuðust endurnýjunar, sérstaklega m.t.t. tæknilegrar útfærslu, og lauk vinnu við þær að mestu.

Vefverslun

Á haustmánuðum hófst vinna við hönnun og smíði vefverslunar fyrir fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Til stendur að fyrst um sinn verði þar seldir ársreikningar, vottorð úr fyrirtækjaskrá ásamt öðrum gögnum. Vinna við kerfið var langt komin í árslok.

Framtal til þriðja aðila

Í tengslum við breytingar á lögum um neytendalán setti ríkisskattstjóri á fót samstarfsverkefni með samtökum fjármálafyrirtækja með það að markmiði að einfalda afhendingu gagna til fjármálafyrirtækja t.d. vegna greiðslumats við lántöku og endurnýjun yfirdráttarheimilda. Sett var upp prófunarvefþjónusta sem afhendir gögn til fjármálafyrirtækja og voru gerðar prófanir á þjónustunni snemma sumars. Umtalsverð vinna fór í að útfæra afhendingarmáta og tryggja að upplýst samþykki viðskiptamanna fjármálafyrirtækja lægi fyrir enda hefur ríkisskattstjóri ekki heimild til að afhenda persónugreinanleg gögn til þriðja aðila nema að fengnu samþykki viðkomandi aðila. Haldið var áfram þróun kerfisins á síðari hluta ársins.

Skilríki á farsímum

Ríkisskattstjóri er talsmaður þess að rafræn skilríki séu notuð til auðkenningar og undirritunar í rafrænum samskiptum hvar sem því verður við komið. Á árinu bárust fréttir af því að í undirbúningi væri að bjóða rafræn skilríki á SIM kortum farsíma. Það er tækifæri til að auka útbreiðslu og notkun rafrænna skilríkja og var því farið í samstarf við Auðkenni til að útfæra innskráningu á þann hátt.

Rekstur tölvukerfa

Öryggismál

Innleiðing á 802.1x staðli

Til að tryggja öryggi rekstrar tölvukerfa og gagna var ráðist í ýmsar aðgerðir á árinu og var innleiðing á 802.1x staðlinum einn liður í því. Við undirbúning kom í ljós að lagfæra þurfti ýmis lagnamál áður en framkvæmdir gátu hafist en innleiðingu á öllum starfsstöðvum RSK, hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirkattanevnd lauk á árinu. Gestanet var sett upp í aðalstöðvum og á starfsstöðinni í Hafnarfirði.

Uppfærslur og endurskoðun á kerfum

Endurskoðun á ferlum á uppfærslum fór fram í byrjun ársins. Uppfærslur á útstöðvum og þjónum voru settar í ferla og fara nú fram reglulega í gegnum umsjónarkerfið. Umsjónarkerfið fyrir Windows umhverfi (SCCM) var uppfært í SCCM SP 1. Markmiðið með kerfinu er m.a. að uppfæra búnað og fylgjast með ástandi véla og þjóna. Allur netbúnaður var uppfærður.

Unnið var að flutningi á notendum frá gömlum Unix þjóni yfir á Windows þjón, tölvum með xp-stýrikerfinu var skipt út og afritunarkerfið endurskoðað og uppfært.

Kælikerfi í tölvuherbergi var tengt stjórnstöð Securitas sem fær aðvörðun ef tæki stöðvast.

Rafræn skilríki

Lyklaborðum með kortalesara var dreift til starfsmanna og Nexus Personal hugbúnaður settur upp.

Afgreiðsluferfið var endurnýjað og posar í afgreiðslu endurnýjaðir

Sett var upp ný og öruggari tegund af posum sem taka við korta-
greiðslum.

Bætt notendapjónusta

Í febrúar var þjónustufyrirkomulagi vélbúnaðar breytt á þann veg að sett var upp sérstök þjónustuvakt til að aðstoða starfsmenn vegna tölvumála. Auk þess var útbúið pósthólf fyrir hópinn sem notendur geta sent fyrirspurnir á. Starfsmaður vélbúnaðarhóps sem er á þjónustuvakt fylgist með pósthólfi og síma og leysir úr málum eða sendir áfram á annan starfsmann ef með þarf.

Gagnaflutningar og tengimál

Samningur vegna gagnaflutninga var endurskoðaður og endurnýjaður. Hraði á aðaltengingunni var aukinn umtalsvert. Auk þess hófst undirbúningur að endurnýjun varaleiðar.

Endurnýjun gagnagrunnsvélar

Umhverfi gagnagrunnsvélar var endurskoðað og ákveðið að skipta yfir í annað stýrikerfi og tvöfalda kerfið. Fjárfest var í tveimur nýjum vélum með Linux stýrikerfi fyrir gagnagrunninn. Uppsetning fór fram í maí og var gagnagrunnurinn á sama tíma uppfærður.

Endurnýjun prentara

Netprentarar voru að hluta til endurnýjaðir og nokkrum einkaprenturum bætt við. Flestar starfsstöðvar eru nú komnar með litaprentara sem eru oftast líka skannar svo hægt er að senda skönnuð skjöl beint í tölvupósti.

Kaup á öðrum vélum og tækjum

Keyptar voru 15 ferðavélar og nokkrar spjaldtölvur sem eru að mestu notaðar vegna eftirlitsverkefna. Skönnun gagna hefur aukist jafnt og þétt og voru fjórir nýir skannar keyptir.

Kerfi í prófun

Nokkur kerfi voru sett upp til prófunar á árinu og má þar nefna kerfi fyrir eftirlitssvið og kerfi sem kallað hefur verið Skattagátt og er ætlað að samþætta ýmis kerfi. Vegna þessa kerfa voru settir upp tveir Windows 2012 þjónar. Kerfi fyrir eftirlitssvið notar þar að auki MSSql þjón.

Málakerfi

GoPro er notað sem mála- og verkstjórnartæki. Á árinu var unnið við að aðlagga og útbúa sérlausnir til að auðvelda verkstjórn og utanumhald mála.

Tveir grunnar eru í notkun. GoPro Skattur heldur utan um skatt-erindi, kærur og öll mál er varða gjaldendur og GoPro RSK heldur utan um önnur mál er varða m.a. rekstur.

Tekin var ákvörðun um rafræn skil til Þjóðskjalasafns á mála- og skjalakerfinu, sem í dag er GoPro útgáfa 4.3.3. Uppfærsla á GoPro í útgáfu 6.5 var undirbúin, m.a. með það að markmiði að fá samþykki fyrir rafrænum skilum gagna til Þjóðskjalasafns.

Símkerfi

Átak var gert í að skipta út eldri símum fyrir nýja IP síma. Keypt voru fleiri Telephony leyfi til að nýta betur tæknilega kosti sem nýja kerfið hefur upp á að bjóða.

Fjarfundabúnaður

Góð reynsla er af notkun búnaðarins sem gerir kleift að halda fundi og námskeið á öllum starfsstöðvum ríkisskattstjóra samtímis. Einnig hafa verið haldnir fundir með erlendum þátttakendum sem hafa gengið mjög vel.

Afgreiðslukerfið

Tölva fyrir afgreiðslukerfi á Laugavegi 166 var endurnýjuð og stýrikerfi uppfært til að tryggja öruggan rekstur kerfisins.

Eftirlitsmyndavélar

Myndavélum var fjölgað utanhúss og aðrar endurnýjaðar. Því þurfti að stækka gagnageymslusvæðið talsvert, það er nú 20 Tb.



Húsnæðismál

Starfsstöðin á Akureyri fékk úthlutað viðbótarhúsnæði á 6. hæð Hafnarstrætis 95, þar sem Fasteignamat ríkisins var áður. Viðbótinni er ætlað að bæta vinnuaðstöðu og taka við fjölgun starfsmanna vegna flutnings þjónustuværs embættisins.

Á vormánuðum voru starfsstöðvar RSK á landsbyggðinni heimsóttar og farið yfir aðgengi, öryggi, aðstöðu og annað tengt viðeigandi húsnæði. Unnið var út frá stöðluðum skráningarformum og gefin út stöðuskýrsla sem höfð verður til hliðsjónar við úrbætur á fyrrgreindum þáttum.

Á Laugavegi 166 var ráðist í að koma upp sturtuaðstöðu á 1. hæð með sér klfum fyrir hverja sturtu, en sívaxandi áhugi hefur verið fyrir því hjá starfsmönnum. Þá voru gluggapóstar á Laugavegi 166 málaðir og nokkrum rúðum skipt út og bakútgangur bæði málaður og flísalagður.



Rafræn fyrirtækjaskrá

Unnið var að hönnun og smíði vefkerfis þar sem hægt verður að stofna félag með rafrænum hætti af þjónustusiðunni skattur.is. Kerfið byggir á því að notast sé við rafræn skilríki, bæði til auðkenningar inn á þjónustusiðuna en ekki síður til að undirrita öll skjöl vegna stofnunar á félagi og, eftir atvikum, gera breytingar á félaginu. Í dag þarf að skila miklu magni af skjölum á pappír til fyrirtækjaskrár, oft með undirskriftum margra. Með tilkomu nýja kerfisins geta viðskiptavinir ríkisskattstjóra stofnað félag þó að þeir séu staddir á mismunandi stöðum á landinu, jafnvel í mismunandi heimsálfum.

Öll samskipti við ríkisskattstjóra verða rafræn, hvort heldur er við stofnun eða breytingar á félagi. Af þessu mun leiða mikill sparnaður, ekki endilega sá sem er reiknaður í tíma- eða pappírskostnaði heldur sparnaðurinn sem fæst vegna gæða þeirra upplýsinga sem streyma inn í kerfið, en kerfið mun gera ákveðnar kröfur til þeirra upplýsinga sem skráðar eru þar inn. Upplýsingarnar verða því bæði réttari og nákvæmari, og fyrir vikið þarf í mun minna mæli að hafa samband við viðskiptavini vegna ónógra gagna eða ónákvæmra upplýsinga.

Framtíðarframtalið

Stefnt er að því að sameina framtöl einstaklinga utan rekstrar í eitt sem og að hætta útgáfu pappírframtals frá árinu 2016. Vinnuhópur var skipaður sem mun vinna að þessu verkefni næstu árin en framtalið og öll virkni þess verða endurhönnuð frá grunni.

Á árinu var hafist handa við að skilgreina framtíðarframtalið, en lagt er upp með að fylgiskjölum með framtalinu fækki verulega, að skyldar upplýsingar verði flokkaðar saman á rökréttari hátt en er í dag, að aðgengi að hjálp verði með beinum rafrænum hætti, öll framsetning þannig að auðvelt verði að telja fram með spjalddölvu og samanburður framtals við fyrri ár verður með einföldu og aðgengilegu sniði. Miðað er við að nýtt rafrænt framtal verði tekið í notkun árið 2016.

Nordisketax.net

Ríkisskattstjóri sér um þróun á nordisketax.net, sem er sameiginlegur vefur skattýfirvalda á Norðurlöndum, sem og þjónustu við notendur kerfisins. Unnið var að því að gera vefinn að snjallvef þannig að hann nýtist fyrir spjalddölvur og snjallsíma og var nýr vefur tekinn í notkun í desember.

Skattagáttin

Á haustmánuðum var vinnu við svokallaða skattagátt haldið áfram eftir nokkurt hlé. Um er að ræða vefviðmót sem sækir upplýsingar með vefþjónustum í hin fjölmörgu kerfi sem starfsmenn ríkisskattstjóra nota við vinnu sína og birtir þær í einu lagi. Skattagáttin mun tryggja samræmdari vinnubrögð við úrlausn mála og spara tíma við öflun upplýsinga. Gert er ráð fyrir að fyrsta útgáfa kerfisins verði tekin í notkun á árinu 2014.


Skjalastjórnun

Stofnuð voru 64.979 mál í GoPro, þar af 64.484 í GoPro Skattur og 495 í GoPro RSK. Flest málin voru stofnuð í janúar, eða 8.252, og 8.118 í ágúst. Fæst mál voru stofnuð í mars, eða 3.731. Málum fækkaði um 14% á milli ára.

Sótt var um rafræna skjalavörslu hjá Þjóðskjalasafni sem og grisjunarheimild fyrir endurgreiðslu á virðisaukaskatti.

Unnið var við skönnun á eldri gögnum hjá fyrirtækjaskrá ásamt þökkun á stofngögnum, eldri framtalsgögnum og öðrum málgögnum. Rýmkað var til í geymslum með því að senda gögn í eyðingu.

Skráð mál í GoPro Skattur 2013



Tölfræði



Áfram var haldið að þróa gagnasafn og staðtöluvef embættisins. Þar er nú að finna umfangsmikið safn upplýsinga um skattstofna og álagningu einstaklinga og lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda. Aðgangur að skattatölfræðinni er öllum opin á vef ríkisskattstjóra. Gögnin eru mikið notuð og talsvert um að ráðuneyti, stofnanir, hagsmunasamtök, fræðimenn og fjölmiðlar óski eftir að upplýsingar sem byggja á gögnum embættisins séu unnar sérstaklega. Oft er þar um yfirgripsmiklar og flóknar rannsóknir að ræða.

Unnar voru upplýsingar um skuldastöðu einstaklinga fyrir þau ráðuneyti sem málið varðar. Um 20 mál voru unnin fyrir stofnanir, stjórnmalaflokka og ýmis hagsmuna- og félagasamtök. Ennfremur var samstarfi við greiningardeild eftirlitssviðs haldið áfram. Þá voru greiningar og rannsóknir á sköttum, þróun skattstofna og skattbyrði birtar í Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra.

Útgáfumál

Á árinu 2011 var gerður samningur við Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðing um að rita sögu skattlagningar á Íslandi. Verkinu lauk á árinu og var fjármála- og efnahagsráðherra afhent fyrsta eintakið af ritinu Í þágu þjóðar - Saga skatta og skattkerfisbreytinga á Íslandi 1877 - 2012.

Þrjú tölublað komu út af Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra. Í maí-tölublaðinu var viðtal við Gunnar Stein Pálsson almannatengil, helstu skattlagabreytingar frá hruni raktar, fjallað um gildistöku reglna um kynjahlutföll í stjórnnum félaga, niðurstöður kannana meðal starfsmanna og viðskiptavina auk fjölmargra annarra greina sem tengdust verkefnum embættisins.

Árni Stefán Jónsson formaður SFR var í viðtali í októbertölublaði Tíundar. Af öðru efni má nefna umfjöllun um snjallvefinn rsk.is, niðurstöður álagningar einstaklinga 2013, skattfrákvæmd fyrr á árum og álagningu auðlegðarskatts.

Í desembertölublaði Tíundar var viðtal við Svein Ragnar Kristensen sem nýverið lét af störfum sem ríkisskattstjóri Noregs. Meðal annars var fjallað um nýútkomna bók um sögu skattlagningar á Íslandi, Í þágu þjóðar. Greint var frá helstu niðurstöðum álagningar lögaðila 2013, aukinni áherslu á rafræn skilríki og flutningi þjónustuværs til Norðurlands.

Leiðara blaðsins á árinu rituðu auk ríkisskattstjóra Aðalsteinn Hákonarson þáverandi sviðsstjóri eftirlitssviðs, Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri og Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.



Fyrirmyndarstofnun



Árlega stendur SFR-stéttarfélag í almannaþjónustu ásamt fjármálaráðuneytinu fyrir vali á Stofnun ársins. Markmið könnunarinnar er nú sem áður að veita stjórnendum aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk og benda með markvissum hætti á hvaða úrbóta er þörf. Könnunin er hluti af einni stærstu reglulegu vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hér á landi og veita niðurstöður hennar afar mikilvægan samburð við aðrar stofnanir og fyrirtæki.

Stofnunum var að þessu sinni skipt upp í þrjú flokka. Stórar stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn, millistórar stofnanir með 20 til 49 starfsmenn og minni stofnanir með færri en 20 starfsmenn. Spurningar könnunarinnar voru sem fyrr um vinnutengda þætti eins og trúverðugleika stjórnenda, sjálfstæði í starfi, vinnuálag, vinnuskilyrði, álag og kröfur, sveigjanleika í starfi og fleira.

Stofnun ársins 2013 byggðist á heildareinkunn sem er samsett úr átta þáttum. Í samsetningu heildareinkunnar er vægi þáttanna átta ólíkt og vegur trúverðugleiki stjórnenda mest í heildareinkunn (28%), en sveigjanleika vinnu, ímynd og sjálfstæði í starfi minnst (9%). Vægi einstakra þátta í heildareinkunn byggir á því hve stórt hlutfall dreifingarinnar hver þáttur skýrir af dreifingu allra spurninga.

Í ár varð RSK í 4. sæti í flokki stórra stofnana með einkunnina 4,261 sem er lækkun um 0,021 frá fyrra ári. Einungis munaði 0,002 á 3. og 4. sæti í flokknum og því hörð barátta um efstu sætin.



Starfshópar

Skipaðir voru fjórir starfshópar og laut vinna hópanna að aðgerðum gegn svartri atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu, að framtíðarfyrirkomulagi á stýringu persónuafsláttar, að rannsókn á umfangi undanskota frá skatti, og að virðisaukaskatti af rafrænt afhentri þjónustu. Luku fyrrnefndu hóparnir tveir störfum sínum á liðnu ári með lokaskýrslu, en hinir tveir síðarnefndu munu halda áfram störfum á árinu 2014. Þá lauk störfum starfshópur ríkisskattstjóra um þarfagreiningu á nýju VSK-kerfi sem sinnt hafði því verki frá árinu 2011.

Fulltrúar frá embættinu sátu í sex starfshópum á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis, þ.e. starfshópum um gildisdagsetningar í virðisaukaskatti, um samningu frumvarps um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, um skattviltanir vegna hlutabréfakaupa, og um skattleysi séreignasparnaðar, auk tveggja hópa um gerð FATCA-samnings við bandarísk yfirvöld, en annar hópurinn leit til lagalegra álitamála og hinn til tæknilegra málefna. Þá átti ríkisskattstjóri einnig fulltrúa í starfshópi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um öflun og vinnslu upplýsinga í sjávarútvegi. Lokið er vinnu hópsins um skattviltanir, sem og hópsins um samningu frumvarps um breytingar á tekjuskattslögum, en hinir starfshóparnir á vegum ráðuneytanna eru enn við lýði. Enn fremur lauk störfum starfshópur fjármála- og efnahagsráðuneytis um milliverðlagningu, sem stofnaður hafði verið árið 2012, en í hópunum átti RSK að jafnaði tvo fulltrúa.



Starfsmannafundir

Töluverð áhersla er lögð á að efla tengsl starfsmanna ríkisskattstjóra þar sem starfsemin er dreifð um landið. Starfsmannafundir eru góð leið til þess og hafa þeir aukið samkennd og greitt fyrir samskiptum. Auk þess að vera vel til þess fallnir að fræða starfsmenn um ýmsar nýjungar og samræma vinnubrögð eru þeir tækifæri til að hittast og tala saman. Þeir eru tækifæri til að hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa, efla vinnustaðinn og samkennd starfsmanna með sameiginlegri upplifun þeirra af fundunum.

Febrúarfundur

Líkt og fyrri ár var fyrsti sameiginlegi fundur allra starfsmanna haldinn í febrúarmánuði, nú þann 22. febrúar. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri setti fundinn og lagði línurnar fyrir daginn sem samanstóð af fjölmörgum kynningum og sérfundum með góðum hléum til skrafs og ráðagerða. Íris Erlingsdóttir fór yfir niðurstöður úr könnun sem öllum starfsmönnum stóð til boða að taka þátt í um hvernig þeim hafi þótt til takast með sameiningu skattstjóraembættanna við ríkisskattstjóra um áramótin 2009 – 2010.

Gunnar Steinn Pálsson starfar sem almannatengill en hann hefur oft á tíðum verið ríkisskattstjóra innan handar síðustu áratugi. Gunnar Steinn kynnti mál tengd ímynd ríkisskattstjóra í gegnum tíðina fyrir starfsmönnum og gaf þeim nýja sýn á viðfangsefnið.

Góður tími var tekinn í fundi einstakra sviða þar sem fundarefni voru verkefni og framtíðin. Vel reynist að virkja alla starfsmenn hvers sviðs með þessum hætti og ná þannig sem allra flestum hugmyndum og sjónarmiðum inn í umræðuna.

Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir fór yfir niðurstöður úr stefnumótunarvinnu allra starfsmanna á fyrri fundum. Mikilvægt er að öllum sé ljóst hvað verður um þær hugmyndir sem þeir setja fram og þótt vitaskuld sé ekki hægt að nýta þær allar beint er sá samhljómur sem þar kemur fram leiðarljós í áframhaldandi vinnu. Þeir helstu þættir

sem áhersla var á voru þjónusta, fræðsla og forvarnir, eftirlit, fagmennska, jafnræði, þróun og nýsköpun, verklag og verkferlar og að lokum hagkvæmni í rekstri. Haraldur Hansson kynnti ný tölvukerfi og önnur þróunarmál og eftir að starfsmannafundi lauk tók við aðalfundur starfsmannafélags RSK.

Stjórnendafundir

Fyrri stjórnendafundur ársins var haldinn 18. – 19. febrúar 2013. Fyrsta viðfangsefni hans var að fara yfir verkefnaáætlun hvers sviðs og hvað framundan er hjá þeim. Kynntar voru þær hugmyndir að lagabreytingum sem komnar voru fram og að því loknu farið yfir niðurstöður starfsmannafundar sem haldinn var 7. desember 2012. Hópavinna hefur reynst vel á fundum sem þessum. Í minni hópum var farið yfir bækling með áherslum RSK, gildi og einkennisorðum, siðareglum, ímynd og þróunarmálum embættisins. Hugmyndir um og vinna við nýtt virðisaukaskattskerfi voru kynntar seinni fundardaginn og mæltust þær vel fyrir meðal allra sem á hlýddu.

Stjórnendur funduðu aftur dagana 4. – 6. september undir yfirskriftinni Sexess. Þessi óvenjulega yfirskrift fundar stóð fyrir samskiptin, stjórnunina, skipulagið, starfsmennina, stofnunina og starfsemina, en það voru umfjöllunarefni fundardagana þrjú. Byrjað var á að fara yfir mikilvægi samskipta, hvort sem er á fundum, í starfsmannasamtölum, í formi upplýsingamiðlunar eða á hvaða annan hátt sem er auk þess sem farið var bæði yfir yrt samskipti og samskipti án orða. Því næst var farið í stjórnun og grunnatriði hennar og hlutverk stjórnandans. Stjórnun snýst að miklu leyti um að finna réttu spurningarnar en það að finna réttu svörin er svo samstarfsverkefni. Starfsmenn, starfsánægja, sveigjanleiki og traust var næsta umfjöllunarefni. Allt framangreint samanlagt verður svo að vinnustað okkar, stofnuninni, með skipulag sitt og starfsemi.

Farið var yfir stöðu RSK, hvar við vorum, erum og hvert við förum og stóra samhenginu velt fyrir sér. Haldnir voru fundir stjórnenda

stærri sviða stofnunarinnar og þeir höfðu svigrúm til að skipuleggja starf sitt og setja markmið fyrir starfsemina næsta ár. Að morgni síðasta fundardags voru niðurstöður þeirrar markmiðasetningar kynntar fyrir öllum fundarmönnum.

Jólafundur

Árlegur jólafundur allra starfsmanna var haldinn 6. desember og hófst hann á ávarpi Bjarna Benediktssonar fjármála- og efnahagsráðherra. Að því loknu tók við fjölbreytt dagskrá sem samanstóð meðal annars af kynningum á ýmsum verkefnum sem eru í vinnslu og þróun hjá embættinu. Stefán Skjaldarson flutti innblásna hugveku um vinnustaðinn og var svo hafist handa við að kynna breytingar sem voru helstar á döfinni. Farið var yfir tilkomu rafrænna skilríkja í farsíma, rafræna fyrirtækjaskrá, rafrænar kærur og erindi, hugmyndir um rafræn skattkort, afrit af framtölum vegna nýrra neytendalaga og vefverslun sem er í smíðum. Kynntar voru þær hugmyndir sem unnið er að vegna þróunar á skattframtali einstaklinga, en nú eru þrjár útgáfur þess í notkun. Stefnir er að endurhönnun framtalsins frá grunni og breytta framsetningu þess, án fylgiskjala. Eftir þessa kynningu fengu allir fundarmenn það verkefni að koma með hugmyndir að því hvernig þeir, sem hópur skattgreiðenda í landinu, sæju að einfalda mætti framtalið enn frekar.

Eftir hádegi fór Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur á mjög áhugaverðan hátt yfir ævi og störf Kristjáns Eldjárn forseta í tilefni af fánadeginum 6. desember. Í fyrsta sinn fengu allir starfsmenn svo útlitun á helstu niðurstöðum starfsmannasamtala frá árinu áður og gátu því fengið mynd af því hvernig vinnustaðurinn sem heild svaraði auk þess að sjá svart á hvítu hverju hefði verið brugðist við af því sem komið hafði þar fram.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri dró efni fundarins saman í lok dags, þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fundardag og óskaði þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar.

Starfsmenn

Í lok árs 2013 starfaði 251 starfsmaður hjá ríkisskattstjóra, sem er fækkun um átta frá fyrra ári. Í árslok voru 61% starfsmanna konur á móti 39% karla. Meðallífdalur starfsmanna var 49,6 ár.

Mikil reynsla býr í mannauði embættisins og starfsmenn þess búa að meðaltali yfir rúmlega 14 ára starfsreynslu við skattfrankvæmd þrátt fyrir að 14 hafi innan við eins árs reynslu.

Ársverk

Fjöldi ársverka hjá embættinu var 239,8. Það er fækkun um 6,3 frá fyrra ári.

Starfsmannavelta

Starfsmannavelta ársins var 9%. Fjöldi starfsmanna sem lét af störfum vegna heilsuþrests eða lífeyristöku á árinu var 15 og sé tillit tekið til þess var starfsmannaveltan 3,1%.

Starfslok

Leitast er við að milda áhrif starfsloka hjá þeim starfsmönnum sem hafa starfað lengi hjá embættinu með því að gera þeim kleift að vera tímabundið í hlutastarfi samhliða lífeyristöku. Margir sem höfðu nýtt sér þessa leið létu af störfum á árinu.

Styrkir

RSK styrkir starfsmenn sína til að sinna heilsu sinni vel og stunda líkamsrækt. Tilgangur með greiðslu líkamsræktarstyrks er að stuðla að bættri heilsu starfsmanna og almennri ástundun hollrar hreyfingar.

RSK styrkir alla starfsmenn sína sem þess óska til að afla sér aukinnar menntunar og færni bæði innan skattkerfis sem utan. Námskeið á vegum embættisins eru starfsmönnum að kostnaðarlausu og starfsmenn bera heldur ekki kostnað af námskeiðum sem ríkisskattstjóri óskar eftir eða samþykkir að þeir sækji sérstaklega vegna starfa þeirra hjá embættinu. Fræðslustyrkur á við um önnur námskeið en þau sem farin eru að beiðni stjórnenda.





rsk.is – besti ríkisvefurinn

Á ráðstefnu sem haldin var í nóvember á vegum innanríkisráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skýrslutæknifélags Íslands var tilkynnt hvaða opinberu vefir stofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga þættu bestir. Um tvenns konar val var að ræða. Annars vegar úttekt á opinberum vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga og hins vegar voru veittar viðurkenningar fyrir bestu vefina að mati sérstakrar dómnefndar.

Við úttekt á innihaldi, nytsemi, aðgengi fyrir fatlaða og þjónustu fékk vefur ríkisskattstjóra, rsk.is, hæstu einkunn eða 98 stig af 100 mögulegum. Þar af fullt hús stiga í þremur af fjórum flokkum.

Sérstök dómnefnd valdi vefinn síðan besta ríkisvefinn 2013. Í umsögn dómnefndar sagði:

„Vefurinn er uppbyggður á skipulegan hátt og tekist hefur að setja fram gríðarlega mikið magn flókinna upplýsinga á skýran og aðgengilegan hátt. Leitarvélin virkar vel og gerir upplýsingaleit auðveld. Útlit vefsins er stílhreint, hann hefur rólegt yfirbragð og þægilegt viðmót.“



Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Embætti ríkisskattstjóra heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Það starfar samkvæmt heimildum í lögum um tekjuskatt. Ríkisskattstjóri hefur með höndum álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á. Í því skyni skal hann setja

framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Ríkisskattstjóra ber að birta reglur og ákvarðanir sem hann metur að hafi þýðingu fyrir skattaðila og eftir atvikum gefa út og hafa til sölu. Ennfremur annast ríkisskattstjóri skatteftirlit. Á árinu 2013 varð 11.367 þús.kr. tekjuafgangur af rekstri embættisins.

Eignir samkvæmt efnahagsreikningi námu alls 349.564 þús.kr, skuldir 96.569 þús.kr. og eigið fé 252.994 þús.kr. Ríkisskattstjóri og sviðsstjóri fjármálasviðs staðfesta hér með ársreikning embættis ríkisskattstjóra fyrir árið 2013 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 25. mars 2014

Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri

Ásgeir Heimir Guðmundsson
sviðsstjóri fjármálasviðs

Rekstrarreikningur

	2013	2012	Fjárheimildir 2013
Tekjur			
Sértekjur	89.681.987	94.862.192	95.000.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	96.583.740	88.332.637	129.000.000
Tekjur samtals	186.265.727	183.194.829	224.000.000
Gjöld			
Almennur rekstur	2.623.545.528	2.567.810.642	2.628.700.000
Almennur rekstur	2.331.807.069	2.283.507.836	2.237.200.000
Skattvinnslukerfi	291.738.459	284.302.806	391.500.000
Stofnkostnaður.....	25.053.344	17.830.468	69.000.000
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	25.053.344	17.830.468	69.000.000
Gjöld samtals.....	2.648.598.872	2.585.641.110	2.697.700.000
Tekjur umfram gjöld	-2.462.333.145	-2.402.446.281	-2.473.700.000
Framlag úr ríkissjóði	2.473.700.000	2.410.700.000	2.473.700.000
Hagnaður / tap ársins	11.366.855	8.253.719	0

Efnahagsreikningur

	31.12.2013	31.12.2012
Eignir		
Veltufjármunir		
Inneign hjá ríkissjóði	184.679.614	198.667.635
Skammtímakröfur aðrar	18.495.748	16.966.339
Handbært fé	146.388.205	130.474.551
Veltufjármunir samtals.....	349.563.567	346.108.525
Eignir samtals.....	349.563.567	346.108.525
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	241.627.262	233.373.543
Breyting v/lokafjárlaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	11.366.855	8.253.719
Höfuðstóll í árslok	252.994.117	241.627.262
Eigið fé í árslok	252.994.117	241.627.262
Skammtímaskuldir		
Aðrar skammtímaskuldir	96.569.450	104.481.263
Skammtímaskuldir samtals.....	96.569.450	104.481.263
Skuldir samtals	96.569.450	104.481.263
Skuldir og eigið fé samtals.....	349.563.567	346.108.525

Sjóðstreymi

	Reikningur 2013	Reikningur 2012
Hagnaður/tap ársins	11.366.855	8.253.719
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-1.529.409	1.462.877
Breyting skammtímaskulda.....	-7.911.813	15.766.123
Handbært fé frá rekstri	1.925.633	25.482.719
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-2.473.700.000	-2.410.700.000
Greitt úr ríkissjóði.....	2.487.688.021	2.435.756.214
Fjármögnunarhreyfingar samtals.....	13.988.021	25.056.214
Breyting á handbæru fé	15.913.654	50.538.933
Handbært fé í ársbyrjun.....	130.474.551	79.935.618
Handbært fé, hreyfingar.....	15.913.654	50.538.933
Handbært fé í árslok.....	146.388.205	130.474.551

Fimm ára yfirlit

Í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstur					
Rekstrartekjur	186.266	183.195	172.494	170.893	146.884
Rekstrargjöld	2.623.546	2.567.811	2.539.260	2.468.079	1.148.566
Stofnkostnaður	25.053	17.830	17.700	34.748	84.020
Halli fyrir ríkisframlag	(2.462.333)	(2.402.466)	(2.384.466)	(2.331.934)	(1.085.702)
Ríkisframlag	2.473.700	2.410.700	2.397.300	2.386.400	1.111.900
Tekjuafgangur ársins	11.367	8.254	12.834	54.466	26.198
Efnahagur					
Veltufjármunir	349.564	346.109	322.089	299.102	169.382
Eignir alls	349.564	346.109	322.089	299.102	169.382
Höfuðstóll	252.994	241.628	233.374	220.540	98.894
Skammtímaskuldir	96.569	104.481	88.715	78.562	70.488
Eigið fé og skuldir alls	349.564	346.109	322.089	299.102	169.382

Embætti ríkisskattstjóra og skattstjóra voru sameinuð á árinu 2010.



Ríkisskattstjóri - Ársskýrsla 2013

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Hönnun og umbrot: Logi Halldórsson.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

